



## FUNDARGERÐ 452. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, fimmtudaginn 26. ágúst 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:11 Fundurinn er staðfundur að Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Ágúst Bjarni Garðarsson og Jóna Sæmundsdóttir með fjarfundarbúnaði.

Bjarni Torfi Álfþórsson og Birkir Jón Jónsson boða forföll.

### Tekið fyrir

#### 1. Sex mánaða uppgjör SORPU

Sturla Jónsson endurskoðandi hjá Grant Thornton tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Sturla og fjármálastjóri gera grein fyrir sex mánaða uppgjöri SORPU bs.

Ákveðið að senda sex mánaða uppgjör til rafrænnar undirritunar.

Sturla Jónsson vísar af fundi fundinum 14:29.

#### 2. Áhættustefna borin upp til atkvæðagreiðslu

Ákveðið að senda áhættustefnuna til rafrænnar undirritunar eftir kynningu á henni á síðasta fundi.

#### 3. Kynning á innihaldsrannsókn á efni frá MTFS og moltu

Lea Böhme umhverfisverkfræðingur í GAJU tengist fundinum með fjarfundarbúnaði 14:31.

Lea gerir grein fyrir innihaldsrannsókn á efni frá MTFS og moltu.

Lea Böhme aftengist fundinum 14:56.

#### 4. Móttaka á úrgangi frá sveitafélögum utan byggðasamlags

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir viðræðum á móttöku á úrgangi frá sveitarfélögum sem standa utan SORPU.

Stjórn SORPU veitir framkvæmdastjóra heimild til að hefja viðræður við sveitarfélög sem standa utan samlagsins um móttöku á úrgangi frá sveitarfélögum utan byggðasamlags.



## 5. Metanmál – staða og horfur

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu og horfum í metanmálum.

## 6. Húsnæðismál Góða hirðisins

Sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni gerir grein fyrir leit stjórnenda Góða hirðisins að stærra húsnæði fyrir starfsemi verslunarinnar.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi

*„Mikilvægt er að finna starfsemi Góða hirðisins stærra og betra húsnæði til framtíðar til að markmið hringrásarhagkerfisins náist.“*

## 7. Móttaka á riðusmituðum úrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindi frá Terra um móttöku á riðusmituðum úrgangi til urðunar í Álfsnesi.

## 8. Samningur við Endurvinnsluna hf.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir drögum að samningi við Endurvinnsluna hf. um móttöku á skilagjaldsskyldum umbúðum á fjórum endurvinnslustöðvum SORPU. Hlutverk SORPU í nýjum samningi væri óbreytt. Samningurinn er til 18 mánaða.

Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til að endurnýja samning við Endurvinnsluna hf. með fyrirvara um samþykki stjórnar.

## 9. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar er boðaður mánudaginn 30. ágúst klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 16:03